

- 106**
6. Hinum öðrum Skagafjarðarsýslupósti hefur verið gjört að fara um hinn nýja brjefhirðingastað *Garð* í Hegranesi.
 7. Fjórði Skagafjarðarsýslupóstur (frá Lóni) kemur við í *Viðvík* í báðum leiðum.
 8. *Pingeyjarsýslu*-póstunum hefur verið breytt þannig, að aukapósturinn frá Vopnafirði fari þaðan sama dag og Seyðisfjarðarpósturinn á að fara frá Akureyri, og mæti aukapóstinum frá Grenjadarstað á *Skinnastöðum*, í stað þess, eins og áður, á Raufarhöfn.

C. Þessar brjefhirðingar verða stofnaðar:

1. Í Kórunesi (Straumfirði).
2. Á Búðum.
3. Í Vatnsfirði.
4. - Ögri.
5. - Garði í Hegranesi.
6. Á Hálsi í Fnjóskadal.

Reykjavík 27. nóv. 1893.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

107

Landshöfðinginn yfir Íslandi

kunngjörir: Samkvæmt lögum nr. 1, 3. jan. 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, og samkvæmt frumvarpi, sömdu af bæjarstjórn Ísafjarðar-arkaupstaðar, er hlutadeigandi amtmaður hefur til mín sent, er hjer með gefin út og sett eptirfylgjandi

Lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað,

er öðlast gildi 1. dag aprílmánaðar 1894.

I. Kaffi.

Um reglu og velsæmi á götum.

1. gr.

Uppbot eða mannsöfnuður, sem raskar reglu eða tálmar umferð á götu, vegi eða svæði, sem eru til almennings afnota, má ekki eiga sjer stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á götum, vegum eða strætum, sem almenningur fer um, svo og við kirkjudyr og dyr annara húsa, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eptir fyrirmælum lögregluvaldsins til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á alfaravegi, stræti eða svæði má ekki fljúgast á, blístra, æpa, kalla, syngja hátt, eða hafa annan hávaða eða ofsalegt og móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar þá, sem um fara, eða nálægt búa.

4. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hryngja dyrabjöllum, eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

5. gr.

Á eða yfir götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, má ekki skjóta með byssum, skammbyssum, líklabyssum, handbogum, lásbogum eða öðrum skotvopnum, ekki kveykja í púðri, skoteldum eða nokkurskonar sprengiefnum öðrum, og ekki kasta frá sjer glerbrotum, snjókögglum, torfi, óhreinindum, vatni eða neinu öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum fyrir þá, sem um slíka staði fara.

6. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Bannað er og á almannafæri að sýna af sjer hneyxlanlega hegðun, t. a. m. með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gjöra þarfir sínar á hneyxlanlegan hátt.

Menn, sem finnast ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap á götu eða svæði eða annarsstaðar á almannafæri, skulu heptir, þangað til þeir koma til sjálfs sín aptur. Þá menn, sem sökum ölædis hafa í frammi hávaða á almannafæri, með hrópi, köllum eða á annan hátt, eða sýna af sjer óskunda, svo sem með höggum eða barsmið, má setja í varðhald, ef þeir eigi þegar í stað skipast við áminningu lögregluvaldsins, og skulu þeir sitja í varðhaldi, þangað til runnið er af þeim.

7. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur eða annarsstaðar svo nálægt landi, að hneyxli valdi, nje heldur svo nálægt skipum, er á hötninni liggja.

8. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess.

9. gr.

Lögregluvaldið getur krafði sjer til aðstodar sjerhven fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óspektum og annari óreglu á almannafæri, og hepta þá, er slíku valda.

II. Kafli.

Ákvarðanir, er lúta að því, að gjöra alla umferð greiða og afstýra farartálma og hættu fyrir umferðina.

10. gr.

Komist götuljósker á í kaupstaðnum, má enginn ótilkvaddur tendra þau eða slökkva.

11. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á götu, stræti eða svæði,

107 sem almenningur fer um, til að selja vöru eða reka aðra atvinnu; og verði slíkt leyfi veitt, þá að eins á þeim stað og þann tíma, sem leyfið tiltekur.

Án leyfis hlutadeigandi húsráðanda eða lóðareiganda má enginn láta fyrirberast á umgirtum garðsvæðum eða á öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða.

12. gr.

Á götum, strætum, stjettum, svæðum eða annarsstaðar á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferð, hvort heldur eru vörur eða annað; þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað, og ekki geta lagt það frá sjer á eigin lóð, leggja þessa hluti frá sjer á svæðum og götum, meðan á flutningnum stendur; en ávallt skulu þeir lagðir svo, að þeir gjöri sem minnstan farartálma.

Vagnar, hjólbörur og sledar mega ekki standa á götum eða strætum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, en aldrei mega þeir standa á stjettum, sem eingöngu eru ætlaðar gangandi mönnum.

13. gr.

Á götum, strætum og stjettum mega lestamenn og aðrir ferðamenn ekki hafa hesta sína standandi, eða binda þá þar.

Á meðan lestamenn eða ferðamenn standa við í kaupstaðnum, skulu þeir hafa hesta sína utanvið götubrautina, þar sem engin umferð er.

14. gr.

Þeir, sem riða eða aka um göturnar, skulu viðhafa tilhlýðilega aðgæzlu, einkum er þeir fara fyrir götuhornu eða fram úr garðshliðum. Á götum og svæðum og annarsstaðar á almannafæri má ekki riða eða aka harðara en á hægu brokki, og skulu þeir, sem riða eða aka, ef þörf gjörist, í tækan tíma gjöra aðvart mönnum, sem á undan þeim fara. (Framh.).

EMBÆTTASKIPAN OG SÝSLANA.

Hinn 25. nóv. var cand. polit. *Sigurður Briem* af landshöfðingja settur til að veita forstöðu sýslumannsembættinu í *Snæfellsness- og Hnappadalssýslu* frá 1. desbr. að telja.

30. desbr. veitti landshöfðingi kand. med. & chir. *Sigurði Hjörleifssyni* fyrst um sinn til eins árs styrk sem aukalækni í Grýtubakka, Háls- og Ljósavatnshreppum.

ÓVEITTUR STYRKUR TIL AUKALÆKNA.

Óveittur er styrkur til aukalækna, í hjerudum þeim sem nú skal greina, 1000 krónur til hvers.

1. Til lækni milli Straumfjarðar í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum.
2. Til lækni í Eyjahrepp og Múla- og Gufudalshreppum í Bærðastrandarsýslu.
3. Til lækni í Breiðdals, Beruness- og Geithellnahreppum í Suður-Múlasýslu.
4. Til lækni í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu.
5. Til lækni í Strandasýslu.
6. Til lækni á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu.

Þeir, sem sækja vilja um styrk þennan, verða að senda bænaskrár sínar til landshöfðingja innan loka næstkomandi aprílmánaðar, ásamt skilríkjum fyrir hæfileik sínum.

Lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað,

(Framh.)

15. gr.

Fælnir og slægir hestar mega alls ekki ganga lausir um götur kaupstaðarins.

16. gr.

Fjenaður kaupstaðarbúa má ekki ganga laus um kaupstaðinn, fyrir neðan línu dregna úr húsi Kristjáns Hjaltasonar í Sauðarkrók, beina stefnu yfir tangann fyrir ofan kirkju og niður að Pollinum; þó má reka fjenað um kaupstaðinn úr haga og í, sem og til vatns. Beita má og fjenu í fjöruna frá 1. október — 1. maí ár hvert.

17. gr.

Naut, sem farið er með um kaupstaðinn, skulu ávallt leidd í bandi nægilega traustu, og 2 fullorðnir karlmenn að minnsta kosti fylgja hverju nauti. Ekki mega naut heldur standa úti gæzlulaus.

18. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til kaupstaðarins til útflutnings eða slátrunar, getur lögreglustjóri gjört þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja, til þess að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

19. gr.

Hunda þá, sem grimmir eru eða hafa þann vana að áreita menn og hræða með gelti, urri eða glepsi, ber eigendum að binda eða mýla áreiðanlega. Sama er um hunda, sem raska svefnfriði manna með gelti eða spangóli á næturþeli.

20. gr.

Enginn má siga hundi á mann, nje láta farast fyrir að aptra hundi sínum, þegar hann verður var við að hundurinn ræðst á menn.

21. gr.

Glepsgjarnir hundar, er ráðast á skepnur, skulu vera mýldir.

22. gr.

Flækingshunda, en þar til teljast allir hundar, sem ekki eru eign eða á vegum kaupstaðarbúa, getur lögreglustjóri látið handsama og auglýsa, og ef eigandinn ekki gefur sig fram innan 3 sólarhringa og greiðir áfallinn kostnað, má drepa slíka hunda.

23. gr.

Nú er hús eða hluti af húsi svo hrörlegt, að hætt er við, að það hrynji eða falli niður, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og boðið eiganda eða umráðamanni hússins að gjöra slíkar endurbætur á því, að eigi geti valdið hættu fyrir vegfarendur eða aðra. Auk þess getur lögreglustjóri á kostnað hlutadeiganda gjört aðrar ráðstafanir í þessa átt.

Sama er þegar grjótgörðum, skiðgörðum eða annari girðingu liggur við hruni eða falli.

24. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúningur, þess konar, sem notaður er við

húsasmíðar og aðrar smíðar, viðgjörðir á húsum og húsarof, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera duglegir og áreiðanlegir menn. 107

Brot gegn grein þessari eru á ábyrgð þess, sem verkið annast, eða, ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns hússins.

25. gr.

Áhöld öll, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum og öðru úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem nota þau, skulu vera áreiðanlegir menn.

26. gr.

Liggi járnbrautir um eða yfir götu eða svæði, sem notuð er til almennings þarfa, skal taka þær upp þegar dimma tekur, og ekki má leggja þær niður aptur tyr en bjart er orðið. Á nóttum, þótt bjart sje, mega slíkar brautir aldrei liggja á eða yfir götu, og yfir höfuð að tala, má aldrei nota þær þannig, að komi í bága við umferð.

27. gr.

Í fjörinni má ekki kasta út nje skilja eptir seglfestugrjót, nje neitt annað það, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, er þar lenda eða leggjast.

28. gr.

Þá er ís er á Pollinum, má ekki höggva göt eða vakir á hann, án leyfis lögreglustjóra, er þá þegar í stað gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu.

29. gr.

Brunna, sem eru úti við götur eða á almannafæri, má ekki skilja við ólokaða.

III. kaffi.

Um friðun almennings eigna.

30. gr.

Enginn má skemma eignir eða muni kaupstadarins, stræti, vegi, brýr vatnsból og byggingar, nje annað því um líkt, sem ætlað er til almennings afnota.

IV. kaffi.

Um veitingahús, skemmtistaði og allmennar skemmtanir.

31. gr.

Hverjum þeim, sem hefir um hönd veitingasölu, hvers konar sem er, er skylt að gjöra það sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

32. gr.

Á almennum veitingastað má enginn sýna af sjer ofsalegt atferli eða hávaða, eða nokkra ósæmilega hegðun.

33. gr.

Unglingum, yngri en 16 ára, má ekki selja eða veita áfenga drykki,

107 nje mönnum, sem ölvaðir eru. Gjörist maður drukkinn á veitingastofu, skal veitingamaður annaðhvort hýsa hann, eða fylgja honum heim.

34. gr.

Veitingahúsum öllum skal loka klukkan 11 á kvöldin, og allir gestir, sem ekki hafa þar næturstað, skulu vera farnir út ekki seinna en kl. 11^{1/2}.

Samt skal fjelögum, sem lögreglustjóri þekkir, heimilt að halda samkvæmi og dansleiki eða aðrar skemmtanir á veitingahúsum, sem ekki sjeu bundnar við áðurnefndan tíma, ef ekki taka aðrir þátt í því en fjelagsmenn eða gestir þeirra.

Enn fremur mega brúðkaup og önnur samsæti eða dansleikir tiltekinnna manna standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

35. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleiki án leyfis lögreglustjóra.

36. gr.

Bazar eða tombólu má ekki halda án leyfis landshöfðingja.

37. gr.

Enginn má halda opinbera samsöngva eða dansleiki, nje heldur sýna dýr eða myndir, nema með leyfi lögreglustjóra.

38. gr.

Þegar opinberar skemmtanir, hvers konar sem eru, eða leikir eru haldnir að kveldi dags eða fram á nótt í húsum, sem enginn býr í, skulu þeir, sem standa fyrir slíku, láta einn eða tvo áreiðanlega menn hafa vörð í húsinu til morguns.

39. gr.

Eins og það er vitaskuld, að húseigendur eða húsráðendur geta bannað að sá, sem leyfi hefur fengið til að halda skemmtanir samkvæmt 35., 36. og 37. gr. noti leyfið á þeirra lóð, svo er og sjerhverjum, er sjúkling hefur á heimili sínu, heimilt að fá bannað, að almennar skemmtanir, sem háreysti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans að hætta geti af því hlotizt.

V. kafli.

Um almennt hreinlæti vg þrifnað.

40. gr.

Til þess að hafa eptirlit með öllu, sem lýtur að almennum þrifnaði í kaupstaðnum, og því, að reglum þeim, sem hjer skulu settar, sje fylgt, skal stofna heilbrigðisnefnd; í henni eiga sæti, sem sjálfkjörnir, bæjarfógeti og hjeraðslæknir, og einn maður, sem bæjarstjórnin kys úr sínum flokki.

41. gr.

Á götum bæjarins eða á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi ösku, sorpi, skolpi eða nokkrum öðrum óhreinindum. Allt slíkt skal annaðhvort láta í sorphauga, sem ekki eru nærri almannafæri, eða bera það ofan í fjöruna svo langt, að flóð taki það út, og má ekki skilja slíkt eptir ofar en þar, sem sjór er hálfvallinn.

(Framh.).

Lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað,**107**

(Framh.)]

Innýfli úr skepnum, sem ekki eru notuð, skulu samt ávallt grafin í jörðu

Skyldur er hver húseigandi eða húsráðandi við götur kaupstaðarins að láta sópa allan lausan broða af götunni fyrir sinni lóð, þegar lögreglustjóri fyrirskipar.

Hey, svörð eða áburð, eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur við flutning um göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Mold, leifar og rusl af verkefni, sem stafar af húsabyggingum eða aðgjörð á húsi, skal eigandi eða umráðamaður húss jafnótt færa burtu, svo langt ofan í fjöru, sem áður er sagt, þegar húsgjörðinni er lokið.

42. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götur kaupstaðarins eða á almannaferi, heldur skal það gjört að húsabaki eða innan grinda, eða á lokudu svæði. Bannað er að láta hunda koma á blóðvöllinn, þegar slátrað er sauðtjenaði. Brot á banni þessu eru á ábyrgð húsráðanda.

43. gr.

Þeir, sem saurrennur hafa frá húsum sínum þvert yfir götu, stræti eða svæði, skulu hafa svo umbúð, að lokræsi sje. Saurrennur allar, hvort heldur opnar eða lokaðar, skulu heinsaðar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári, eða optar, ef heilbrigðisnefndin skipar svo fyrir.

44. gr.

Fyrir framan mykju eða fjóshauga skal jafnan hafa svo háan skiðgarð, að haugurinn sjáist ekki frá götu, vegi eða svæði, sem farið er um.

45. gr.

Salerni skulu vera að húsabaki og má ekki byggja þau út að stræti, vegi eða opnu svæði, nema skiðgarður sje fyrir, svo salernið sjáist ekki, eins og sagt var í næstu grein á undan.

46. gr.

Lifrarbræðsla má eigi fara fram á lóð kaupstaðarins, nema þar sem heilbrigðisnefndin tilvísar.

Atvinna þessi skal standa undir sjerstakri umsjón heilbrigðisnefndarinnar og er sá, sem lifrarbræðsluna rekur, skyldur til að hlýða þeim fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndarinnar, sem lúta að því, að allur þrifnaður sje við hafður og allri hættu afstýrt.

47. gr.

Stampa, opnar tunnur eða fót með lifur eða grút má ekki hafa á almannaferi eða við götur og stræti kaupstaðarins, eða nokkuð annað, sem óðaun leggur af, eða er til óþrifnaðar.

48. gr.

Ekkert hús eða herhergi í húsi má vera svo sett af mönnum, að heilbrigði þeirra sje hætta búin. Um hvort svo sje, ákveður heilbrigðisnefndin.

30. dag desembermán. 1893.

VI. kafli.

Um allt eptirlit, sem lýtur að því, að stemma stigu fyrir brunahættu og eldsvöða.

49. gr.

Húsráðendur skulu tvisvar á ári láta hreinsa reykháfa í húsum sínum, þ. e. fyrir miðjan apríl og miðjan október ár hvert.

50. gr.

Reykháfar skulu vera úr tígulsteini eða grjóti eða mótudum leir, eða þá kalklímdir, og standa skulu þeir, þannig gjörðir, að minnsta kosti alin upp úr húsmænum; utan um reykháana má ekki leggja borð.

51. gr.

Eldhólkar á ofnum mega ekki vera nær timburvegg, en 8 þumlungar; en ef nær eru, skal múrveggur hlaðinn eða blikkplata fest bak við ofninn. Þó má bilið milli ofns og slíkrar plötu ekki vera minna en 4 þumlungar og auk þess skal vera þumlungsbil milli plötunnar og víða.

52. gr.

Ef pípur úr eldvjelum eða ofnum ekki ganga í reykháfa, múraðar pípur eða gegnum múrveggi, heldur upp um lopt, út um þil eða þak, skulu 2 þumlungar vera milli pípu og víða, en á því millibili skal hafa blikk- eða sinkplötu og múrgrjót fest með kalki.

53. gr.

Ofn-pípur skulu vera heilar og skal þegar setja nýjar pípur, ef þær, sem fyrir eru, eru farnar að slitna eða ganga svo úr sjer, að hætt sje við, að eldur eða neistar komist út um rifur eða göt.

54. gr.

Bæjarstjórnin skipar tvo tilsjónarmenn, sem skulu hafa eptirlit með, að þess sje gætt sem fyrirmælt er að framan í VI. 49.—53. gr.

Þeim skal veitt þóknun úr bæjarsjóði eptir því, sem nákvæmar verður tiltekið í erindisbrjefi, sem bæjarstjórnin útgefur handa þeim.

VII. kafli.

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningar-ákvæði, kostnað o. fl.

55. gr.

Samþykkt þessi nær, að undanskildri 16. grein hennar, yfir alla lóð kaupstaðarins.

56. gr.

Brot gegn samþykkt þessari, varða sektum allt að 100 kr. Börn, drengir eldri en 10 ára og allt að 15 árum og stúlkubörn eldri en 10 ára og allt að 12 árum skulu sæta vandarhöggum, ef þau hafa áður, eptir að þau voru orðin fullra 10 ára, gjört sig sek í brotum á samþykkt þessari, eða gjört eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, þó ekki fleiri vandarhöggum en 15, eða sæta einföldu fangelsi allt að 8 dögum.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skorti á hafilegri umsjón

foreldra eða annara, sem ganga barninu í foreldra stað, skal refsa þeim fyrir 107 yfirsjónina, en ekki barninu.

57. gr.

Ef einhver lætur ógjört það, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari, eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gjöra það. Kostnaður við þetta og yfir höfuð sá kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gjörir til þess, að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af þeim, sem brýtur, og má taka þann kostnað lögtaki samkvæmt lögum 16. desembr. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sátta.

Ef hlutadeigandi við lögtakið reynist ekki fær um að borga kostnaðinn greiðist hann úr bæjarsjóði.

58. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og ekki verður krafnum af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði.

59. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með, sem almenn lögreglumál og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í bæjarsjóð

60. gr.

Samþykkt þessi skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna og auk þess prentuð sjerstaklega á kostnað kaupstaðarins til útbýtingar meðal allra hús-ráðenda í kaupstaðnum.

61. gr.

Breytingar á samþykkt þessari og viðauka við hana skal gjöra á sama hátt, sem samþykktina sjálfa.

Reykjavík, 21. dag nóvembermán. 1893.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Reikningur

111

yfir tekjur og gjöld landsbankans árið 1892.

	Tekjur.		kr.	a.
1. Í sjóði 1. janúar 1892			182,266	90
2. Sedlar frá landssjóði			16,000	»
3. Borguð lán:		kr. a.		
a. Fasteignarveðslán		70,674	66	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán		49,844	40	
c. Handveðslán		15,248	»	
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.		4,969	10	
e. Reikningslán		40	38	
4. Vixlar innlestir			140,776	54
			130,849	45